

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1870.
yfir Íslandi, um fátækra tíund af kóngsjörðum á 21. febrúar.
Vestmannaeyjum.

Eptir að skrifazt hefir verið á við reikningadeildina um tillögur yðar, herra stiptamtmaður, í bræfi, dagsettu 15. júlím. f. á., um það, að umbodsmanninum yfir kóngsjörðunum á Vestmannaeyjum verði skipað að greiða eptirleiðis fátækra tíund af þessum jörðum, skal stjórnarráðið, um leið og það vísar til þess, sem sagt er í riti Halldórs Einarssonar um landsvísureikning og tíund á Íslandi (*Om Værdi-Beregning paa Landsviis* o. s. frv.), bls. 153, um tíundagjöld á eyjunum, gefa yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það getur með engu móti orðið umtalsmál, að gjalda fátækra tíund af þessum hinum fyrnefndu jörðum.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 21. febrúar.
yfir Íslandi, um gjaldið til læknasjóðsins.

Í bræfi 5. októbrm. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að ymsir hafi spurt, hvernig telja skuli tímana til þess, að tilskipun 10. águst 1868, um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahluta, er svo eru nefndir, á Íslandi, komi í gildi, þar sem 2. gr. fyrirskipar, að gjaldið til læknasjóðsins skuli heimta í fyrsta skipti 12. maí 1870 eptir því, sem fyrir er sagt í tilskipuninni, um leið og 4. gr. tekur svo til, að hvert gjaldár gangi frá 12. maí til 12. dags í sama mánuði næsta ár: — hvort hún þá eigi að gilda fyrir allan tímann frá 12. maí 1869 til 12. maí 1870 í þeim sýslum, þar sem hún er þinglesin seinna en 13. maí þ. á. Þannig hefir sýslumaðurinn í Gullbringu-sýslu, þar sem þinglýsingum var lokið 25. júní f. á., spurt að, hvort gildi lagaþóðsins geti náð yfir tímann frá 12. maí f. á. til þess dags, er þinglýsing fram fór, þaræð lagaþóðið með svofelldu móti án heimildar næði gildi fyrir sig fram, og yms vandkvæði mundu af hljótast, og hefir stiptamtmaður í bræfi 28. f. m. svarað því á þá